

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2017****2019/EES/11/14****frá 5. maí 2017****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/78 frá 15. júlí 2016 um að setja stjórnsýsluákvæði vegna gerðarviðurkenningar á vélknúnum ökutækjum með tilliti til neyðarsímkerfa í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112 og samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/758 með tilliti til friðhelgi einkalífsins og persónuverndar notenda slíkra kerfa ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/79 frá 12. september 2016 um að ákvarða ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir fyrir EB-gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum, með tilliti til neyðarsímkerfa í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, á aðskildum tæknieiningum og íhlutum neyðarsímkerfa í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112 og um viðbætur og breytingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/758 með tilliti til undanþáganna og gildandi staðla ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 47. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/758):

„eins og henni var breytt með:

- **32017 R 0079:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/79 frá 12. september 2016 (Stjútíð. ESB L 12, 17.1.2017, bls. 44).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 47. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/758):

„48. **32017 R 0078:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/78 frá 15. júlí 2016 um að setja stjórnsýsluákvæði vegna EB-gerðarviðurkenningar á vélknúnum ökutækjum með tilliti til neyðarsímkerfa í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112 og samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/758 með tilliti til friðhelgi einkalífsins og persónuverndar notenda slíkra kerfa (Stjútíð. ESB L 12, 17.1.2017, bls. 26).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 12, 17.1.2017, bls. 26.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 12, 17.1.2017, bls. 44.

49. **32017 R 0079:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/79 frá 12. september 2016 um að ákvarða ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir fyrir EB-gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum, með tilliti til neyðarsímkerfa í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112, á aðskildum tæknieiningum og íhlutum neyðarsímkerfa í ökutækjum, sem byggjast á neyðarnúmerinu 112 og um viðbætur og breytingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/758 með tilliti til undanþáganna og gildandi staðla (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2017, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/78 og framselddrar reglugerðar (ESB) 2017/79, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.